

Minnisblað

Dags.: 18. nóvember 2015

Efni: Minnisblað fyrir fjölskylduráðsfund 20. nóvember 2015 varðandi flóttamenn og hælisleitendur.

Ríkisstjórn Íslands samþykkti að taka á móti sýrlenskum flóttafjölskyldum á ríkisstjórnarfundum hinn 21. júlí 2015. Í lok ágúst lýsti Hafnarfjörður yfir vilja til að taka á móti flóttafólki frá Sýrlandi og óskað var eftir viðræðum við velferðarráðuneytið um málið. Um miðjan október sl., þáði félags- og húsnæðismálaráðherra boð Hafnarfjarðar um að ganga til viðræðna um móttöku fyrsta hóps flóttafólks sem vænst er að komi til landsins í desember. Stefnt er að því að ljúka samningum milli ráðuneytis og sveitarfélaganna innan nokkurra daga. Áætlað er að þrjár fjölskyldur flóttamanna komi til Hafnarfjarðar eða samtals 17 einstaklingar.

Sl. haust leitaði Útlendingastofnun til Hafnarfjarðar um að gera samning um þjónustu við hælisleitendur. Samningur var undirritaður þann 23. október sl. Samningurinn felur í sér að Hafnarfjarðarbær tekur að sér að veita þremur fjölskyldum þjónustu og búsetuúrræði í senn, allt að 15 einstaklingum. Um er að ræða fjölskyldur sem eru í hælismeðferð hjá Útlendingastofnun. Fyrsta fjölskyldan kemur í þjónustu til sveitarfélagsins þann 27. nóv. n.k. Auk þessa hefur fjórum börnum, sem dvalið hafa í móttökumiðstöð Útlendingastofnunar í Bæjarhrauni, boðist skólavist í Lækjarskóla.

Undirbúningur vegna komu flóttamanna og hælisleitenda hefur staðið yfir síðustu vikur. Auglýst hefur verið eftir íbúðum á leigu, staðið hefur verið fyrir fræðslu um hælisleitendur, samvinna og samstarf er hafið við Rauða krossinn auk þess sem samvinna er við Kópavogsbæ og velferðarráðuneytið um móttöku flóttamanna. Öll svið bæjarins hafa lagst á eitt með að undirbúa komu bæði flóttamanna og hælisleitenda. Má nefna að fræðsluvið hefur nú þegar hafið undirbúning vegna skólagöngu barnanna og umhverfis- og skipulagssvið bæjarins kemur að húsnæðismálum o.fl.

Auglýst var eftir verkefnastjóra til að halda utanum þetta viðamikla verkefni og voru umsækjendur 63 talsins. Unnið hefur verið úr umsóknum og Karen Theodórsdóttir ráðin og hefur hún störf þann 26. nóv. nk. Karen er með masterspróf í mannfræði og hefur starfað hjá Rauða krossinum og Útlendingastofnun að málefnum flóttamanna og hælisleitenda.

Rannveig Einarsdóttir,
Sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar.



HAFNARFJÖRÐUR